

Föstudaginn 23. marz 1956.

Nr. 43/1951. **Mýrkjartan Rögnvaldsson**

(Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Lúther Salómonssyni og

Svani Skæringssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Varnargögn of seint fram komin.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Gerir hann þessar kröfur:

Aðalkrafa: að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Varakrafa: að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í málinu og að þeim verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr höndum stefndu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í héraði 6. desember 1949. Stefndu lögðu þá fram stefnu og fengu með samþykki áfrýjanda frest til framlagningar á greinargerð og síðar framhaldsfrest í sama skyni til 24. janúar 1950. Málflutningsmaður sá, sem flutti málið í héraði af hendi stefndu, lagði þá fram þrjá reikninga ásamt svonefndri greinargerð, þar sem þess eins er getið um málavexti, að stefnukrafan stafi af vinnu stefndu við hús áfrýjanda, Sundlaugaveg 17, á árinu 1947. Áfrýjanda voru síðan veittir frestir til 7. marz 1950, er greinargerð kom fram af hans hálfu. Í greinargerðinni kannast áfrýjandi við, að stefndu hafi lagt pípur og rör í hús hans, en telur sig hafa þegar greitt hærri fjárhæð fyrir verk þetta en

sanngjarnt sé, og krefst hann af þeim sökum sýknu af kröfum stefndu. Kveðst hann munu láta meta verkið og laga kröfur sínar síðar til samræmis við niðurstöður matsmanna. Eftir þetta fengu aðiljar sameiginlega fresti til öflunar gagna til 20. júní 1950, en þá sótti áfrýjandi ekki dómþing og enginn af hans hálfu. Höfðu þá ekki komið fram önnur gögn eða andmæli frá hans hendi en þau, sem að framan greinir. Tók héraðsdómari síðan málið til dóms eftir kröfu stefndu og kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi reisir ómerkingarkröfu sína á því, að héraðsdómari hefði átt að kveðja sérfróða menn til að dæma málið með sér, sbr. 3. tölulið 1. málsg. 200. gr. laga nr. 85/1936. Þegar þess er gætt, að engin önnur gögn en fyrrnefnd greinargerð höfðu komið fram af hendi áfrýjanda og að dómþing var ekki sótt af hans hálfu, þegar málið var dómtekið, þá er ekki ástæða til að sinna ómerkingarkröfunni.

Áfrýjandi hefur til stuðnings sýknukröfu sinni lagt fram hér fyrir dómi ýmis ný gögn, þar á meðal matsgerð dómkvaddra manna. Stefndu hafa samþykkt framlagningu skjala þessara, þó að nóvaleyfis hafi ekki verið aflað, en hins vegar mótmælt því, að önnur gögn en þau, sem lágu fyrir héraðsdómara, verði hér fyrir dómi til greina tekin. Samkvæmt 110. gr. sbr. 111. gr. laga nr. 85/1936 skulu staðhæfingar um málsatvik og mótmæli koma fram, jafnskjótt og tilefni verður til, og má annars kostar ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki. Málsástæður þær og gögn, er áfrýjandi flytur fram í Hæstarétti, var honum, að því er sýnt þykir, í lófa lagið að bera fram í héraði, og verða þau því ekki tekin til greina gegn andmælum stefndu. Samkvæmt þessu og þar sem héraðsdómurinn er í samræmi við gögn þau, sem fyrir lágu í héraði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ámælisverður dráttur hefur orðið á máli þessu fyrir Hæstarétti í höndum hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinsonar og Ólafs Þorgrímssonar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Mýrkjartan Rögnvaldsson, greiði stefndu, Lúther Salómonssyni og Svani Skæringssyni, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júlí 1950.

Mál þetta, er dómtekið var 20. f. m., hafa þeir Lúther Salómonsson og Svanur Skæringsson pípulagningameistarar, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 2. desember 1949, gegn Mýrkjartani Rögnvaldssyni, Laugavegi 11, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3129.77, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Krafa stefnenda er risin vegna vinnu við hitalögn í hús stefnda nr. 12 við Sundlaugaveg.

Stefndi hefur engum rökstuddum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnenda, og verða þær því teknar til greina, þó þannig, að vextir, sem teljast frá stefnudegi, reiknast ekki af orlofsfé, kr. 82.19.

Málskostnaður ákveðst kr. 600.00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Mýrkjartan Rögnvaldsson, greiði stefnendum, Lúther Salómonssyni og Svani Skæringssyni, kr. 3047.58 með 6% ársvöxtum frá 2. desember 1949 til greiðsludags, kr. 82.19 í orlofsfé og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.
